

Skýrsla

forsætisráðherra um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis 2012.

(Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.)

Samkvæmt 8. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis skal forsætisráðherra í október ár hvert leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári og kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar, nema lög kveði á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt. Í skýrslunni skal enn fremur fjalla um meðferð málefna sem þingið hefur vísað til ríkisstjórnar eða einstaks ráðherra. Þegar skýrslan hefur verið lögð fram skal hún ganga til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til umfjöllunar.

Skýrsla sú, sem nú er lögð fram, nær til ályktana Alþingis á árinu 2012. Forsætisráðuneytið óskaði eftir því að viðkomandi ráðuneyti tækju saman greinargerðir um meðferð og framkvæmd þeirra þingsályktana og málefna sem þeim hefði verið falin meðferð á og fara svör ráðuneytanna hér á eftir.

Þá fylgir skýrslunni einnig yfirlit yfir framkvæmd ályktana þingsins þrjú ár aftur í tímann í samræmi við fyrrnefnt ákvæði laga um þingsköp Alþingis. Er yfirlitið unnið á grundvelli upplýsinga frá viðkomandi ráðuneytum.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Þál. 1/141 um aðgerðir til að efla og auðvelda póstverslun, 11. október 2012 –

þskj. 241.

Forsætisráðherra skipaði í apríl sl. starfshóp sem ætlað er að kanna þróun og regluverk í póstverslun og gera tillögur um lagabreytingar og aðrar ráðstafanir til að skapa póstverslun víðeigandi samkeppnisstöðu til hagsbóta fyrir neytendur og atvinnufyrirtæki. Samkvæmt þingsályktuninni áttu niðurstöður að liggja fyrir 1. september sl. en vegna tafa sem urðu á skipan í nefndina hefur ekki reynst unnt að ljúka vinnu starfshópsins á tilætluðum tíma. Áætlað er að tillögur starfshópsins liggi fyrir í nóvember nk.

Þál. 16/140 um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 20. mars 2012 –þskj. 1020.

Forsætisráðherra skipaði 26. september 2012 verkefnastjórn sem ætlað var að undirbúa gerð aðgerðaráætlunar um eflingu græna hagkerfisins. Verkefnastjórnin skilaði áfangaskýrslu í nóvember sama ár og lokaskýrslu í janúar 2013 þar sem þær tillögur sem eru að finna í þingsályktuninni eru flokkaðar í tillögur sem lagt er til að settar verði í forgang á árinu 2013, tillögur þar sem undirbúningsvinna hefjist árið 2013 og loks tillögur sem komi til framkvæmda á árinu 2014. Í apríl 2013 skipaði forsætisráðherra nýja verkefnastjórn sem ætlað er að hafa eftirlit með framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar fyrir árið 2013 og móta nýja áætlun fyrir árið 2014. Er að vænta skýrslu frá verkefnastjórninni í byrjun næsta árs um árangur starfsins á árinu 2013.

Pál. 19/140 um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 11. maí 2012 – þskj. 1297.

Með forsetaúrskurði nr. 86/2012 frá 4. júlí 2012 um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, sbr. forsetaúrskurð nr. 99/2012 frá 30. ágúst 2012, var sett á fót atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Úrskurðurinn tók gildi 1. september 2012.

Pál. 17/140 um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði, 21. mars 2012 – þskj. 1032.

Í október 2012 skipaði forsætisráðuneytið nefnd um aukna vernd neytenda á fjármálamarkaði. Nefndin skilaði skýrslu sinni í apríl síðastliðnum auk tillagna um bætta neytendavernd á fjármálamarkaði.

Helstu tillögur nefndarinnar til úrbóta og bættrar neytendaverndar á fjármálamarkaði eru:

- Afnáam stimpilgjalda af neytendalánnum. Í stimpilgjöldunum felast aðgangshindranir á bankamarkaði. Slík aðgerð dregur úr kostnaði neytenda og heimila við lántöku.
- Bann við innheimtu lántökugjalda umfram vexti af neytendalánnum. Lagt er til að bannað verði að innheimta lántökugjald sem hlutfall af lánsfjárhæð.
- Uppgreiðslugjöld verði takmörkuð þannig að þau miði sannanlega við endurfjármögnunaráhættu lánveitanda.
- Samanburðarverðsjá á fjármálamarkaði. Sett verði á fót vefsíða þar sem allar upplýsingar um fjármálaþjónustu eru veittar á skýran og aðgengilegan hátt.
- Fleiri tegundir húsnæðislána.
- Ítarleg rannsókn á bankamarkaði. Lagt er til að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti beiti sér fyrir rannsókn á bankamarkaði og geri samanburð á gjaldtöku fjármálafyrirtækja á Norðurlöndunum og öðrum nágrennaríkjum.
- Nefndin leggur einnig til að nýtt embætti Umboðsmanns neytenda verði sett á fót og Neytendastofa og talsmaður neytenda verði lögð niður í núverandi mynd. Gert er ráð er fyrir að mál sem snúa beint að neytendum verði í forgrunni hins nýja embættis Umboðsmanns neytenda.
- Loks leggur nefndin til nokkrar breytingar á lögum m.a. í þá veru að viðurlög við brotum á neytendalöggjöfinni verði hert. Þá er áhersla lögð á að stutt verði við fjármálalæsi almennings af hálfu hins opinbera.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTI

Pál. 6/140 um norræna hollustumerkið Skráargatið, 16. febrúar 2012 – þskj. 817.

Þingsályktunin leiddi til þess að sett voru lög nr. 19/2012 um br. á lögum nr. 93/1995 um matvæli. Drög að reglugerð með stoð í þessum lögum liggja fyrir og fyrirhugað er að gefa hana út á næstu vikum.

Pál. 44/140 um stefnu um beina erlenda fjárfestingu, 11. júní 2012 – þskj. 1497.

Í þingsályktun um stefnu um beina erlenda fjárfestingu er lagt fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra að leggja fyrir Alþingi tímasetta áætlun um aðgerðir til

að bæta samkeppnisstöðu Íslands og efla markaðs- og kynningarstarf í því skyni. Jafnframt skuli móta tillögur um samhæfða stjórnsýslu til að styðja við markmið þingsályktunartillögunnar. Málafni erlendar fjárfestingar heyra nú undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Í nóvember 2012 fól ráðherra Fjárfestingavaktinni næstu skref í málinu, m.a. að fara yfir lagaumgjörð og viðskiptaumhverfi erlendar fjárfestingar og tillögugerð um hvernig heppilegast væri að efla markaðs- og kynningarstarf fyrir erlendar fjárfestingar. Fjárfestingavaktin skilaði ráðherra tillögum sínum í maí sl. og er nú unnið að því í ráðuneytinu að greina tillögur vaktarinnar og koma þeim í réttan farveg.

Þál. 4/140 um lagningu raflína í jörð, 1. febrúar 2012 – þskj. 748.

Nefnd um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð skilaði lokaskýrslu til atvinnuvegaráðherra í febrúar 2013. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði skýrslu nefndarinnar fyrir Alþingi fyrir í októbermánuði og mun mæla fyrir henni innan skamms.

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTI

Engar ályktanir Alþingis féllu undir verkefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytisins á umræddu tímabili.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTI

Þál. 3/141 um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 29. nóvember 2012 – þskj. 592.

Unnið er samkvæmt þessari ályktun og skilar ráðherra skýrslu um hana á hverju ári.

Þál. 4/141 um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, 29. nóvember 2012 – þskj. 593.

Unnið er samkvæmt þessari ályktun og skilar ráðherra skýrslu um hana á hverju ári.

Þál. 48/140 um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022, 19. júní 2012 – þskj. 1630.

Unnið er samkvæmt þessari ályktun og skilar ráðherra skýrslu um hana á hverju ári.

Þál. 49/140 um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og löggæsluáætlun fyrir Ísland, 19. júní 2012 – þskj. 1648.

Með þingsályktunni var innanríkisráðherra falið að skipa nefnd hagsmunaaðila og fulltrúa allra þingflokka á Alþingi um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland til þess að fjalla um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland. Jafnframt er kveðið á um að ráðherra leggi tillögu til þingsályktunar um löggæsluáætlun fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2013.

Nefndin var skipuð og tók til starfa í nóvember 2012 er allar tilnefningar höfðu borist frá þingflokki. Þar sem nefndin hóf ekki störf fyrir en síðla árs 2012 var það niðurstaða nefndarinnar að ekki væri hægt að ljúka gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland fyrir tilsettan tíma

enda um mjög krefjandi verkefni að ræða. Brýnt væri hins vegar að beina sjónum Alþingis að stöðu löggæslu í landinu sem væri grafalvarleg. Nefndin ákvað því að skila til ráðherra skýrslu um eflingu lögreglunnar, sem ætlað er að vera leiðarljós um endanlega gerð löggæsluáætlunar og stefnumarkandi fyrir vinnu að löggæslu- og verkefnaáætlun samkvæmt þingsályktunartillögunni. Skýrsla nefndarinnar var kynnt og rædd á Alþingi 16. mars 2013.

Í framhaldi af alþingiskosningum sl. vor var að nýju óskað tilnefninga frá þingflokkum sem nú sitja á Alþingi. Ekki hafa allar tilnefningar borist en reiknað er með að nefndin verði skipuð á næstu dögum er tilnefningar hafa borist.

Þál. 45/140 um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, 11. júní 2012 – þskj.

1511.

Með þingsályktuninni fól Alþingi innanríkisráðherra að undirbúa heildstæða aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir. Aðgerðaáætlunin átti að liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2012. Jafnframt ályktar Alþingi að fela fjármálaráðherra að tryggja að í frumvarpi til fjárukalaga yfirstandandi árs verði gert ráð fyrir 50 millj. kr. fjárveitingu til starfa rannsóknar- og aðgerðarteymis lögreglu gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem hafi samvinnu við lögreglulið um allt land.

Stýrihópur Ríkislögreglustjóra um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi hefur í störfum sínum tekið mið af þingsályktunni og hefur átt gott samstarf við önnur stjórnvöld víða í kerfinu. Stýrihópurinn setti sér uppfærða aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi á árinu 2012 og er unnið að endurskoðun hennar fyrir árið 2014. Sérstöku rannsóknarteymi fjögurra rannsóknarlögreglumanna til að rannsaka skipulagða brotastarfsemi með áherslu á vélhjólagerði var komið á laggirnar í tengslum við starfsemi stýrihópsins og hefur starf teymisins skilað miklum árangri. Aukið var við verkefni hópsins sem einnig hefur sérstaklega skoðað mansal og vændi.

Þrjár rannsóknarlögreglumenn komu frá rannsóknardeild lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu (LRH) og einn frá lögreglunni á Suðurnesjum. Auk þess var saksóknari frá LRH í hálfu starfi vegna hópsins.

Þál. 37/140 um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna og tiltekin álitæfni þeim tengd, 24. maí 2012 – þskj.

1407.

Í samræmi við þingsályktunina fór ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla fram 20. október 2012.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Þál. 12/140 um vestnorrænt samstarf um listamannagistingu, 23. febrúar 2012 –

þskj. 871.

Samkvæmt samstarfssamningi landanna mun Ísland árið 2014/2015 bera ábyrgð á því að efla tengslanet listamanna, m.a. með því að nýta listamannaíbúðir í löndunum í þessu skyni. Þess ber einnig að geta að með stofnun Norrænu menningargáttarinnar (KKN-Kulturkontakt Nord) var komið á stuðningskerfi fyrir þá listamenn sem vilja dvelja

tímabundið á öðrum Norðurlöndum eða Eystrasaltsríkjunum, svokallaðri norrænni ferða- og dvalarstyrkjaáætlun.

Þál. 13/140 um ráðstefnu um tónlistarhefðir vestnorrænnu landanna og möguleika til tónlistarmenntunar til hagsbóta fyrir vestnorrænu löndin, 23. febrúar 2012 – þskj. 872.

Þessi ályktun hefur ekki verið tekin til formlegrar meðferðar enn sem komið er hjá vestnorrænu menntamálaráðherrunum, en skoðað verður á þeirra vettvangi hvort þetta verkefni geti orðið hluti af endurnýjuðum samstarfssamningi landanna.

Þál. 14/140 um vestnorrænt samstarf á sviði kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerðar, 23. febrúar 2012 – þskj. 873.

Efni ályktunarinnar hefur verið tekið fyrir á samráðsfundi ráðherranna og Vestnorræna ráðsins. Þá sendu ráðherrarnir sameiginlegt bréf til Ríkisútvarpsins, Færeyska útvarpsins og Grænlenka útvarpsins þar sem vakin var athygli á ályktun ráðsins. Jafnframt var þeim greint frá þeirri skoðun ráðherranna að mikilvægt væri að þessar þjóðir hefðu með sér gott samstarf, ekki síst í því skyni að auka þekkingu á tungumáli þeirra og menningu.

Í tilefni ályktunarinnar leitaði ráðuneytið jafnframt umsagnar hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands og hjá Ríkisútvarpinu. Í umsögn Kvikmyndamiðstöðvar kemur fram vilji til þess að undirbúa og bjóða til málþings hér á landi þar sem kvikmynda- og dagskrárgerðarfólki frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum gæfist kostur á að kynna, miðla reynslu, auka tengsl og samstarf. Ráðuneytið telur að til greina komi að í endurnýjuðum samningi landanna verði áhersla lögð á aukin samstarf landanna í kvikmyndamálum.

Í umsögn RÚV kemur m.a. fram að aukin samvinna er við Færeyjar sérstaklega um ýmsa þáttagerð og hafa verið sýndir íslenskir þættir í færeysku sjónvarpi og færeyskir þættir í íslensku sjónvarpi meira en áður hefur verið. Sérstök ánægja hafi verið með samstarf um söfnunartónleika frá Hörpu. Á fréttasviðinu á RÚV í vaxandi samskiptum við Færeyska útvarpið um vinnslu og skipti á fréttæfni. Þessi samskipti fara bæði fram á sameiginlegum vettvangi fréttastofa norrænu ríkissjónvarpsstöðvanna og með beinum milliliðalausum hætti. Aðalfréttatímar RÚV og Kastljóss eru sendir út í Færeyjum. Við þetta má svo bæta við að Rás 1 hefur verið með ýmsa þætti um Færeyjar.

Mínna er um formleg samskipti við Grænland en þó eru dæmi um kaup á grænlenkum heimildabáttum á undanförunum árum. Á Rás 1 eru reglulegir pistlar frá Grænlandi. Árið 2011 kom menntamálaráðherra Grænlands í sérstaka heimsókn til RÚV í þeim tilgangi að byggja upp tengsl við starfsfólk RÚV og þótti sú heimsókn takast mjög vel. Það reynist hins vegar örðugt að auka samskipti landanna á fréttasviðinu. Töluvert hefur verið sóst eftir því af hálfu RÚV og DR sérstaklega að eiga meiri og nánari samskipti við Grænlenka útvarpið um reglubundin skipti á fréttæfni en sá vilji hefur ekki náð fram að ganga. Alltaf þegar tilefni gefast hefur þó greiðlega gengið að fá efni frá þessum grönnum okkar. Það er hins vegar frekar fátítt að grænlenkir fréttamenn leiti aðstoðar eða sækist eftir fréttæfni frá RÚV.

Ráðuneytið vill vekja athygli á því að í formennskuáætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á sviði menningarmála verður horft sérstaklega til vestnorræns samstarfs og m.a. verður hugað að þeim verkefnum sem fyrrgreindur samstarfssamningur kveður á um.

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTI

Pál. 11/140 um vestnorrænt samstarf um meðferð á endurvinnanlegu brotajárni, 23. febrúar 2012 – þskj. 870.

Í þingsályktun nr. 11/140 um vestnorrænt samstarf um meðferð á endurvinnanlegu brotajárni er skorað á ríkisstjórnina að láta, í samvinnu við Færeyjar og Grænland, skilgreina sameiginlega hagsmuni landanna með tilliti til meðferðar á endurvinnanlegu brotajárni og gefa Vestnorræna ráðinu skýrslu um hvernig meðferð þess er háttað í löndunum þremur.

Ráðuneytið hefur með bréfum, dags. 3. september 2012 og 7. júní 2013, farið þess á leit við utanríkisráðuneytið að það láti Norðurlandaskrifstofu í té greinargerð ráðuneytisins um viðbrögð við ályktun Vestnorræna ráðsins 4/2011 um vestnorrænt samstarf um meðferð á endurvinnanlegu brotajárni. Í greinargerð ráðuneytisins er gerð grein fyrir hvernig meðferð brotajárns er háttað hérlendis. Ráðuneytið lýsir sig jafnframt tilbúið að kanna möguleika á samvinnu um meðferð brotajárns í löndunum þremur komi fram ósk um það frá Færeyjum og Grænlandi.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Pál. 6/141 um ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 101/2012 um breytingu á bókun 31 við EES-damninginn (vernd mikilvægra grunnvirkja), 22. desember 2012 – þskj. 879.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2012, frá 30. apríl 2012, um breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna grunnviði í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. mars 2013. Hún öðlaðist gildi 5. mars 2013.

Pál. 7/141 um ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 55/2012 um breytingu á XII. viðauka við EES-samninginn (greiðsludráttur í viðskiptum), 22. desember 2012 – þskj.

880.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2012, frá 30. mars 2012, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (endurútgefin).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. mars 2013. Hún öðlaðist gildi 1. maí 2013.

Pál. 8/141 um ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 149/2012 um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn (réttindi starfsmanna starfsmannaleigna), 22. desember 2012 – þskj. 881.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2012, frá 13. júlí 2012, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/104/EB frá 19. nóvember 2008 um vinnu á vegum starfsmannaleigu.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. mars 2013. Hún öðlaðist gildi 1. maí 2013.

Þál. 9/141 um ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 158/2012 um breytingu á II.

viðauka við EES-samninginn (textilvörur), 22. desember 2012 – þskj. 278.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2012, frá 28. september 2012, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textiltreffa og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi treffjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. mars 2013. Hún öðlaðist gildi 1. maí 2013.

Þál. 10/141 um ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 167/2012 um breytingu á IX.

viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 22. desember 2012 – þskj. 883.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2012, frá 28. september 2012, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. mars 2013. Hún öðlaðist gildi 1. maí 2013.

Þál. 12/141 um fullgildingu viðbótarbókunar við samning á sviði refsiréttar um spillingu, 22. desember 2012 – þskj. 885.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarbókun við samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerð var í Strassborg 15. maí 2003.

Viðbótarbókunin var fullgilt af Íslands hálfu 15. febrúar 2013 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. júlí sama ár.

Þál. 10/140 um skilgreiningu á sameiginlegum hagsmunum Vestur-Norðurlanda í ljósi breyttrar stöðu norðurslóða í alþjóðakerfinu af völdum loftlagsbreytinga, 23. febrúar 2012 – þskj. 869.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að standa fyrir skilgreiningu, í samstarfi við Færeyjar og Grænland, á sameiginlegum hagsmunum Vestur-Norðurlanda í ljósi þeirra breytinga sem hlýnandi loftslag hefur á undanförmum áratugum haft í för með sér fyrir norðurskautið og alþjóðakerfið allt. Ráðstefna verði haldin á vegum utanríkisráðuneyta landanna með þátttöku stjórnámálanna og sérfræðinga til að ræða og vinna að samkomulagi um sameiginlega stefnu landanna gagnvart þessum breytingum.

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt áherslu á að styrkja pólitísk og viðskiptaleg tengsl við Grænland og Færeyjar, ekki síst í ljósi sameiginlegra hagsmuna sem tengjast auðlindanýtingu, siglingum og umhverfismálum, en samstarfið fellur vel að áherslum Íslands í málefnum norðurslóða. Í þessu sambandi má nefna fyrirhugaða opnun ræðisskrifstofu Íslands í Nuuk sem verður formlega opnuð 8. nóvember 2013.

Þál. 15/140 um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn

kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun, 15. mars 2012 – þskj. 999.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun sem gerður var í Lanzarote 25. október 2007.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 4. september 2012 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. janúar 2013.

Þál. 8/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

97/2011 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, 23. febrúar 2012 – þskj. 867.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2011, frá 30. september 2011, um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/425/ESB frá 28. júlí 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/ 767/EB að því er varðar að semja, viðhalda og birta áreiðanlegar skrár um þá vottunaraðila sem aðildarríkin hafa eftirlit með eða veita faggildingu.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 21. mars 2012. Hún öðlaðist gildi 1. maí 2012.

Þál. 21/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

83/2011 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, 11. maí 2012 – þskj. 1303.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2011, frá 1. júlí 2011, um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldir gerðir:

- 1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1150/2009 frá 10. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 að því er varðar stöðluð eyðublöð fyrir birtingu auglýsinga við opinber innkaup í samræmi við tilskipanir ráðsins 89/665/EBE og 92/13/EBE.*
- 2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2009 frá 30. nóvember 2009 um*

breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB, 2004/18/EB og 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga. 3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/665/EBE og 92/13/EBE að því er varðar aukna skilvirkni í meðferð kærumála vegna gerðar opinberra samninga.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 9/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2010 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 23.febrúar 2012 – þskj. 868.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2010, frá 30. apríl 2010, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/ 38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurútgefin).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 32/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, 16.maí 2012 – þskj. 1368.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2011, frá 1. júlí 2011, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirfarandi gerðir: 1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (endurútgefin). 2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2010 frá 21. apríl 2010 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 46/140 um samþykkt rammisamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA), 18. júní 2012 –þskj. 1614.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að samþykkja rammasamning milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA).

Samningurinn var samþykktur af Íslands hálfu 20. júní 2012. Hann öðlaðist gildi 21. júní 2012.

Þál. 22/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, 11. maí 2012 – þskj. 1304.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB frá 23. maí 2007 um að setja á markað flugeldavörur, og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 23/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 11. maí 2012 – þskj. 1305.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2009, frá 29. maí 2009, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 24/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 11. maí 2012 –þskj. 1306.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2011, frá 1. júlí 2011, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Pál. 33/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 16. maí 2012 – þskj. 1369.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2011, frá 21. október 2011, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Pál. 25/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 11. maí 2012 – þskj. 1307.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011, frá 2. desember 2011, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB frá 1. september 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. júlí 2012. Hún öðlaðist gildi 1. september 2012.

Pál. 29/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, 16. maí 2012 – þskj. 1365.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009, frá 4. desember 2009, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2004/113/EB frá 13. desember 2004 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Pál. 26/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, 11. maí 2012 – þskj. 1308.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2011, frá 1. apríl 2011, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 392/2009 frá 23. apríl 2009 um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. júlí 2013.

Þál. 31/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 16. maí 2012 – þskj. 1367.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB.

4. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 5. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 18/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, 25. apríl 2012 – þskj. 1234.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011, frá 1. júlí 2011, um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa.

2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 988/2009 frá 16. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og um að ákveða efni viðaukanna við hana.

3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa.

4. Ákvarðanir framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa nr. A1, A2, E1, F1, H1, H2, P1, S1, S2, S3, U1, U2 og U3 frá 12. júní 2009.

5. Tilmæli framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa nr. P1, U1 og U2 frá 12. júní 2009.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 31. maí 2012. Hún öðlaðist gildi 1. júní 2012.

Pál. 30/140 um staðfestingu samnings um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun), 16. maí 2012 – þskj. 1366.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna (norræn handtökuskipun) sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. desember 2005.

Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 6. mars 2012. Hann öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 16. október sama ár.

Pál. 20/140 um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska sildarstofninum á árinu 2012, 11.maí 2012 – þskj. 1302.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska sildarstofninum á árinu 2012 sem gerðir voru í London 14. október 2011:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska sildarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2012.

2. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012.

3. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2012.

Samningarnir, sem einungis voru til eins árs, voru staðfestir af Íslands hálfu 1. mars 2012. Þeim var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2012.

Pál. 36/140 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Hong Kong, Kína, samnings um vinnumál milli sömu aðila og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Hong Kong, Kína, 16. maí 2012 – þskj. 1372.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Hong Kong, Kína sem undirritaður var af ráðherrum EFTA-ríkjanna og af Hong Kong, Kína 21. júní 2011 í Schaan, samning milli sömu aðila um vinnumál sem gerður var samhliða fríverslunarsamningnum og landbúnaðarsamning milli Íslands og Hong Kong, Kína sem einnig var undirritaður í Schaan sama dag.

Samningarnir voru fullgiltir af Íslands hálfu 22. júní 2012. Þeir öðluðust gildi að því er Ísland varðar 1. október sama ár.

Pál. 34/140 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa og landbúnaðarsamnings milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa, 16. maí 2012 – þskj. 1370.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd annars vegar fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og aðildarríkja

Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa sem undirritaður var 22. júní 2009 í Hamar og hins vegar landbúnaðarsamning milli Íslands og aðildarríkja Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa sem undirritaður var sama dag.

Samningarnir voru fullgildir af Íslands hálfu 22. júní 2012. Samningarnar hafa ekki öðlast gildi vegna þess að aðildarríki Samstarfsráðs Arabaríkjanna við Persaflóa hafa ekki enn fullgilt þá.

Þál. 35/140 um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Svartfjallalands og landbúnaðarsamnings milli Íslands og Lýðveldisins Svartfjallalands, 16. maí 2012 – þskj. 1371.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Svartfjallalands sem undirritaður var 14. nóvember 2011 í Genf og landbúnaðarsamning milli Íslands og Lýðveldisins Svartfjallalands sem einnig var undirritaður í Genf sama dag.

Samningarnir voru fullgildir af Íslands hálfu 22. júní 2012. Þeir öðluðust gildi að því er Ísland varðar 1. október sama ár.

Þál. 28/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 16. maí 2012 – þskj. 1364.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2012, frá 10. febrúar 2012, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB að því er varðar eiginfjárkröfur vegna veltubókar og endurverðbréfa og eftirlit með starfskjarastefnu.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.

Þál. 39/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 1. júní 2012 – þskj. 1445.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012, frá 10. febrúar 2012, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún hefur ekki enn öðlast gildi.

Þál. 40/140 um heimild til staðfestingar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, 1. júní 2012 – þskj. 1446.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og vikka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 26. júlí 2012. Hún öðlaðist gildi 27. júlí 2012.

Þál. 41/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, 1. júní 2012 – þskj. 1447.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012, frá 10. febrúar 2012, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrierteki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyriertækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 4. júlí 2012. Hún öðlaðist gildi 1. september 2012.

Þál. 42/140 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, 1. júní 2012 – þskj. 1448.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011, frá 1. júlí 2011, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II).

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 6. september 2012. Hún öðlaðist gildi 1. desember 2012.

Þál. 38/140 um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2012, 24. maí 2012 – þskj. 1408.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2012 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 23. mars 2012.

Samningurinn, sem einungis var til eins árs, var staðfestur af Íslands hálfu 29. mars 2012. Honum var beitt til bráðabirgða frá 23. mars 2012.

VELFERÐARRÁÐUNEYTI

Þál. 3/140 um staðgöngumæðrun, 18. janúar 2012 –þskj. 702.

Starfshópur var skipaður 10. september 2012 um undirbúning frumvarps til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Starfshópurinn er að vinna að verkefninu. Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun er á skrá yfir þingmál sem heilbrigðisráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi vorið 2014.

Þál. 5/140 um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 16. febrúar 2012 – þskj. 816.

Þingsályktunin féll að þeirri velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020 sem unnið var að í ráðuneytinu. Henni var því fylgt eftir með því að setja hana inn í velferðarstefnuna. Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun til ársins 2020 er á skrá yfir þingmál sem heilbrigðisráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi. Vinnan heldur áfram þegar afgreiðslu Alþingis er lokið.

Þál. 43/140 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014, 11. júní 2012 – þskj. 1496.

Í framkvæmdaáætluninni eru tilgreindar 43 aðgerðir og ábyrgðaraðili fyrir hverja og eina. Unnið er að framgangi flestra verkefnanna undir yfirumsjón ábyrgðaraðila. Kostnaðaráætlun sem lögð var fram með þingsályktunartillögunni gerði ráð fyrir kostnaði að fjárhæð 150 m.kr. á framkvæmdatímanum en ekki hefur tekist að fjármagna verkefni að fullu og háir það framgangi verkefna á sumum sviðum. Nýlega var haldið málþing um framkvæmdaáætlunina þar sem staðan var rædd, ásamt áskorunum og lausnum við framkvæmd verkefna.

Þál. 27/140 um bættu heilbrigðisþjónustu og heilbrigði ungs fólks, 15. maí 2012 – þskj. 1338.

